- Haltu öllum umbúðum frá börnum og fargaðu þeim á viðeigandi hátt.

1.2 Almennt öryggi

- Þetta heimilistæki er eingöngu fyrir geymslu á matvörum og drykkjum.
- Þetta heimilistæki er hannað til notkunar innanhúss á heimilum.
- Þetta heimilistæki má nota á skrifstofum, í herbergjum hótela, herbergjum gestahúsa, bændagistingum og öðrum sambærilegum gistirýmum þar sem notkun er ekki meiri en almenn heimilisnotkun.
- Til að forðast spillingu matvæla skal virða eftirfarandi leiðbeiningar:
  - Hafðu hurðina ekki opna um lengri tíma;
  - hreinsaðu reglubundið fleti sem geta komist í snertingu við matvæli og aðgengileg frárennsliskerfi;
  - geymdu hrátt kjöt og fisk í hentugum ílátum í kæliskápnum þannig að það komist ekki í snertingu við eða leki niður á önnur matvæli.
- VIÐVÖRUN: Haltu loftræstingaropum, í afgirðingu heimilistækisins eða í innbyggðu rými, lausu við hindranir.

- VIÐVÖRUN: Notaðu ekki vélrænan búnað eða aðrar aðferðir til að hraða afísunarferli, annan en þann sem framleiðandinn mælir með.
- VIÐVÖRUN: Skemmdu ekki kælimiðilsrásina.
- VIÐVÖRUN: Notaðu ekki rafmagnstæki inni í geymsluhólfum matvæla í heimilistækinu, nema þau séu af þeirri tegund sem framleiðandinn mælir með.
- Notaðu ekki vatnsúða og gufu til að hreinsa heimilistækið.
- Hreinsaðu heimilistækið með mjúkum rökum klút. Notaðu aðeins hlutlaus þvottaefni. Notaðu ekki neinar vörur með svarfefnum, stálull, leysiefni eða málmhluti.
- Þegar heimilistækið er tómt um lengri tíma skal slökkva á því, afísa, hreinsa, þurrka og skilja hurðina eftir opna til að koma í veg fyrir að mygla myndist inni í tækinu.
- Geymdu ekki sprengifim efni eins og úðabrúsa með eldfimu drifefni í þessu heimilistæki.
- Ef rafmagnssnúran er skemmd verður framleiðandi, viðurkennd þjónustumiðstöð, eða svipað hæfur aðili að endurnýja hana til að forðast hættu.

2. ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

2.1 Upsetning

⚠ AÐVÖRUN!

Einungis til þess hæfur aðili má setja upp þetta heimilistæki.

- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Notaðu ekki heimilistækið áður en þú setur upp innbyggða virkið af öryggisástæðum.
- Fylgdu leiðbeiningum fyrir uppsetninguna og leiðbeiningum um hvernig á að víxla hurðum sem fylgja með heimilstækinu og finna má á vefsíðunni okkar.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Gakktu úr skugga um að að loft geti flætt í kringum heimilistækið.
- Við fyrstu uppsetningu eða eftir að hurðinni hefur verið snúið við skaltu bíða í að minnsta kosti 4 klukkustundir áður en heimilistækið er tengt við rafmagn. Þetta er til að olían nái að flæða aftur í þjöppuna.
- Áður en þú framkvæmir einhverjar aðgerðir á heimilistækinu (t.d. snýrð við hurðinni) skaltu taka klóna úr rafmagnsinnstungunni.
- Ekki setja heimilistækið upp nálægt hitagjöfum (ofnum) eða eldavélum, bökunarofnum eða helluborðum, nema annað sé tekið fram í leiðbeiningum um uppsetningu.
- Ekki hafa heimilistækið berskjaldað gagnvart rigningu.
- Ekki setja heimilistækið upp þar sem það verður fyrir beinu sólarljósi.
- Ekki setja þetta heimilistæki upp á svæðum þar sem er of mikill raki eða of kalt.
- Þegar þú færir til heimilistækið, skaltu lyfta brúninni að framan til að koma í veg fyrir að þú rispir gólfið.

- Verndaðu gólfið gegn rispum þegar hurð heimilistækisins er snúið við.
- Heimilistækið inniheldur poka af þurrkefni. Þetta er ekki leikfang. Þetta er ekki matvara. Vinsamlegast fargaðu því samstundis.

2.2 Rafmagnstenging

⚠ AÐVÖRUN!
Hætta á eldi og raflosti.

⚠ AÐVÖRUN!
Þegar heimilistækið er staðsett skaltu tryggja að rafmagnssnúran sé hvorki klemmd né skemmd.

⚠ AÐVÖRUN!
Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúrur.

⚠ VARÚÐ!
Fagmenntaðir rafvirkjar eiga að sinna allri raflagnavinnu í tengslum við uppsetningu þessa heimilistækis.

- Gakktu úr skugga um að færibreyturnar á merkiplötunni samræmist rafmagnsgildum rafveitunnar.
- Heimilistækið verður að vera jarðtengt.
- Notaðu alltaf rétt uppsettar einangraðar innstungur.
- Ef innstungan á heimilinu er ekki jarðtengd, þarf að jarðtengja heimilistækið í aðskilda jörð til að uppfylla núgildandi reglugerðir. Hafið samband við fagmenntaðan rafvirkja.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnsíhlutir verði ekki fyrir skemmdum (t.d. rafmagnsklóin, snúran, þjappan). Hafa skal samband við viðurkennda þjónustumiðstöð eða rafvirkja til að skipta um rafmagnsíhluti.
- Rafmagnssnúran verður að liggja neðar en rafmagnsklóin.
- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok uppsetningarferlisins. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ekki aftengja tækið með því að toga í rafmagnssnúruna. Taktu alltaf í innstunguna sjálfa.
- Þetta heimilistæki er búið 13 A rafmagnskló. Ef nauðsynlegt er að skipta um öryggi í rafmagnsklónni skal nota 13 A ASTA (BS 1362) öryggi (aðeins Bretland og Írland).

2.3 Notkun

⚠ AÐVÖRUN!
Hætta á meiðslum, bruna, raflosti eða eldsvoða.


Heimilistækið inniheldur eldfimt gas, ísóbútan (R600a), náttúrulegt gas, sem er mjög umhverfisvænt. Gættu þess að valda ekki skaða á kælirásinni sem inniheldur ísóbútan.

- Ekki gera breytingar þessu heimilistæki.
- Það er harðbannað að nota þessa innbyggðu vöru sem frístandandi tæki.
- Þetta heimilistæki er ætlað til notkunar við stofuhita á bilinu frá 10°C til 38°C. Þetta tilgreinda hitastigssvið tryggir rétta virkni heimilistækisins.
- Ekki láta rafmagnstæki (s.s. ísgerðarvélar) í tækið nema það sé tekið fram af framleiðanda að þau þoli það.
- Ef rafrásir kælibúnaðarins skemmast skal gæta þess að það sé enginn logi eða kveikjugjafar í herberginu. Loftræstu herbergið.
- Ekki láta heita hluti snerta þá hluta heimilistækisins sem eru úr plasti.
- Ekki setja gosdrykki í frystihólfið. Við það myndast þrýstingur innan í drykkjarílátinu.
- Ekki nota heimilistækið til að geyma eldfimar lofttegundir eða vökva.
- Setjið ekki eldfim efni eða hluti bleytta með eldfimum efnum í, nálægt, eða á heimilistækið.
- Ekki snerta þjöppuna eða þéttinn. Þau eru heit.
- Ekki fjarlægja eða snerta hluti úr frystihólfinu ef hendur þínar eru rakar eða blautar.
- Ekki endurfrysta mat sem búið er að þíða.
- Fylgdu geymsluleiðbeiningunum á umbúðum frystra matvæla.
- Vefðu matnum inn áður en þú setur hann í frystihólfið.
- Leyfið ekki matvælum að komast í snertingu við innri veggi heimilistækishólfanna.

2.4 Innri lýsing

⚠ AÐVÖRUN!
Hætta á raflosti.

- Þessi vara inniheldur einn eða fleiri ljósgjafa í orkunýtniflokknum F.
- Varðandi ljós inni í þessari vöru og varaljós sem eru seld sér: Þessum ljósum er ætlað að þola öfgafullar aðstæður í heimilistækjum á borð við hitastig, titring, raka eða er ætlað að senda upplýsingar um notkunarástand tækisins. Þau eru ekki ætluð til að nota í öðrum tækjum og henta ekki sem lýsing í herbergjum heimila.

2.5 Umhirða og hreinsun

⚠ AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum eða skemmdum á heimilistækinu.

- Áður en viðhald fer fram skal slökkva á heimilistækinu og aftengja rafmagnsklóna frá rafmagnsinnstungunni.
- Þetta heimilistæki inniheldur vetniskolefni í kælibúnaðinum. Einungis hæfur aðili má sinna viðhaldi og endurhleðslu þessa tækis.
- Leitaðu reglulega að merkjum um slit á tækinu sem gera það óhentugt fyrir matarsnertingu, til að mynda sprungur, blöðrur, flögnun, rýrnun, klístur, tæringu eða aðrar sjáanlegar breytingar í áferð eða útliti. Farðu eftir leiðbeiningum er varða hreinsun og umhirðu til að koma í veg fyrir slit.

2.6 Þjónusta

- Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að gera við heimilistækið. Nota skal eingöngu upprunalega varahluti.
- Vinsamlegast athugaðu að ef þú eða einhver sem ekki er fagmaður gerir við getur það haft afleiðingar varðandi öryggi og gæti ógilt ábyrgðina.
- Eftirfarandi varahlutir eru fáanlegir í að minnsta kosti 7 ár eftir að framleiðslu gerðarinnar hefur verið hætt: hitastillar, hitaskynjarar, prentplötur, ljósgjafar, hurðahandföng, hurðalamir, bakkar og grindur. Hurðaþéttingar eru fáanlegar í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu gerðarinnar hefur verið hætt. Verið gæti að tímalengdin sé ekki lengur fáanleg í þínu landi. Farðu á vefsíðu okkar fyrir frekari upplýsingar.
- Vinsamlegast athugaðu að suma þessara varahluta geta aðeins atvinnuviðgerðaraðilar fengið og ekki eru allir varahlutir viðeigandi fyrir allar gerðir.

2.7 Förgun

⚠ AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum eða köfnun.

- Aftengið heimilistækið frá rafmagnsgjafanum.
- Klippa rafmagnssnúruna af og fleygið henni.
- Fjarlægið hurðina til að koma í veg fyrir að börn eða dýr geti lokast inni í tækinu.
- Kælirásin og einangrunarefnið á tækinu eru ósónvæn.
- Einangrunarfroðan inniheldur eldfimar lofttegundir. Hafið samband við sveitarfélagið til að fá upplýsingar um hvernig á að farga heimilistækinu á réttan hátt.
- Ekki valda skaða á hluta kælieiningarinnar sem er nálægt hitaskiptinum.

3. STJÓRNBORÐ



1 AI CoolAssist hnappur / vísir
2 Extra Cool hnappur / vísir
3 Vísir fyrir kælihólf
4 Aðvörunarvísir
5 Vísir fyrir viðvörun um opna hurð
6 Vísir fyrir frystihólf
7 Extra Freeze hnappur / vísir
8 Hnappur/vísir fyrir hitastig frystihólfs
9 Vísir / hnappur fyrir hitastig kælis

3.1 Kveikt / slökkt

Kveikja á

Tengdu klóna við rafmagnsinnstunguna.

Til að velja annað innstillt hitastig, sjá „Hitat-emprun“.

Ef dE on birtist á skjánum, sjá „Bilanaleit“.

Slökktu á

1. Ýtið samtímis á og haldið inni hnöppunum fyrir hitastig kælis og frystis í 5 sek

Skjárinn sýnir blikkandi OF.

2. Þegar skjárinn sýnir OF skal aftengja aðaltengið úr innstungunni.

3.2 Hitatemprun

Hitasviðið getur verið breytilegt á bilinu -15°C og -24°C fyrir frystinn (mælt er með -18°C) og á bilinu 2°C og 8°C fyrir kælinn (mælt er með 4°C).

Ýttu á hitastigshnappana til að stilla hitastig heimilistækisins.

Hitastigsvísar sýna hitastigið sem búið var að stilla.

ⓘ Hitastillingunni þarf að ná innan 24 klst. Eftir rafmagnsleysi á sér staðar fer heimilistækið aftur á innstillt hitastig.

3.3 Kveikt og slökkt á kælihólfinu

Til að slökkva:

1. Ýtið á og haldið inni hnappinum fyrir hitastig kælis í 5 sek. Skjárinn sýnir blikkandi OF.
2. Þegar slökkt er á kælihólfinu sýnir skjárinn OF.

Til að kveikja:

1. Ýtið á og haldið inni hnappinum fyrir hitastig kælis í 5 sek. Skjárinn sýnir blikkandi On.
2. Kveikt er á kælihólfinu og fyrri hitastillingu er stillt á ný.

3.4 Kveikt og slökkt á frystihólfinu

Til að slökkva:

1. Ýtið á og haldið inni hnappinum fyrir hitastig frystis í 5 sek. Skjárinn sýnir blikkandi OF.
2. Þegar slökkt er á frystihólfinu sýnir skjárinn OF.

Til að kveikja:

1. Ýtið á og haldið inni hnappinum fyrir hitastig frystis í 5 sek. Skjárinn sýnir blikkandi On.
2. Kveikt er á frystihólfinu og fyrri hitastilling er stillt á ný.

3.5 AI CoolAssist

AI CoolAssist er eiginleiki vélarinnar sem lærir að aðlaga stillingar tækisins út frá notkunarmynstri einstaklinga, þar á meðal hversu oft hurð er opnuð og annarri notkun notandans á tækinu. Notaðu AI CoolAssist til að virkja sjálfkrafa eftirfarandi hami:

- hitastýring: stjórnar sjálfkrafa hitastigi í kælinum og frystinum til að tryggja bestu mögulegu geymslu á matvælum.
- Auto Shopping Mode: aðlagar sjálfkrafa hitastillingar í kælihólfinu eftir matvöruinnkaup til að kæla fljótt vörurnar sem nýlega hafa verið settar inn í kælinn.
- Auto Vacation Mode: dregur úr orkunotkun þegar tækið er ekki í notkun í þrjá daga samfleytt eða lengur.

Ýttu á AUTO til að kveikja/slökkva á aðgerðinni.

Þegar kveikt er á aðgerðinni lýsir AUTO og hitastigsvísir frystihólfsins sýnir Au.

Ýttu á hnappinn fyrir hitastig kælisins eða frystisins til að sýna núverandi stillingu.

Til að fara til baka í handvirka stillingu ýtir þú aftur á hnappinn fyrir hitastig kælis eða frystis í 7 sek.

Þegar aðgerðin hefur verið afvirkjuð fer heimilistækið aftur í sjálfgefna stillingu á hitastigi.

ⓘ AI CoolAssist virkjað, á meðan Extra Cool og/eða Extra Freeze er kveikt, afvirkjar Extra Cool og Extra Freeze.
Extra Cool virkjað og/eða Extra Freeze, á meðan AI CoolAssist er kveikt, setur AI CoolAssist á bið.

ⓘ MultiSwitch Virkjað AI CoolAssist afvirkjað. Þegar MultiSwitch er virkt, gildir það aðeins fyrir kælirýmið, jafnvel þó að frystirýmið sé stillt á kælihitastig.

3.6 MultiSwitch

Þessi aðgerð gerir þér kleift að breyta frystihólfinu í kæli.

ⓘ Áður en MultiSwitch aðgerðin er virkjuð skaltu fjarlægja frosna matvöru úr frystihólfinu.

Til að breyta hólfinu:

1. Ýttu ítrekað á hnappinn fyrir hitastig í frystinum þangað til skjárinn sýnir blikkandi **- -**.

2. Ýttu á **- -** innan næstu 7 sek. Ef þú ýtir ekki á hnappinn innan þess tíma mun frystihólfið ekki breytast í kæli.
3. Hitastigsvísirinn fyrir frystinn sýnir hitastigið í MultiSwitchhólfinu (4°C).

ⓘ Bíðið 24 klst áður en MultiSwitch hólfið er notað.

Þegar kveikt er á MultiSwitch aðgerðinni er Aðvörun um háan hita óvirkt og ekki er hægt að virkja Extra Freeze aðgerðina.

MultiSwitch aðgerðin mun afvirkjast þegar þú slekkur á heimilistækinu eða á hólfinu sem búið er að breyta.

MultiSwitch-aðgerðin fer aftur í gang þegar rafmagn er aftur komið á eftir rafmagnsleysi.

ⓘ Áður en þú afvirkjar MultiSwitch aðgerðina skaltu fjarlægja matvæli úr MultiSwitchhólfinu.

Til að breyta MultiSwitch hólfinu aftur:

1. Ýtið á hitastig fyrir frystinn þangað til **- -** byrjar að blikka.
2. Ýttu á **- -** innan næstu 7 sek. Ef þú ýtir ekki á hnappinn innan þess tíma mun MultiSwitch-hólfið ekki breytast aftur í frysti.
3. Hitastigsvísirinn fyrir frystinn sýnir hitastigið í frystihólfinu.

ⓘ MultiSwitchhólfið nær innstilltu hitastigi eftir 24 klst. Bíddu þangað til MultiSwitchhólfið hefur náð innstilltu hitastigi áður en þú notar það.

Aðvörun um háan hita fer aftur í gang 1 klst eftir að MultiSwitch aðgerðin er afvirkjuð.

3.7 Extra Cool aðgerð

Aðgerðin gerir þér kleift að kæla hratt mikið af heitum mat án þess að hita mat sem er þegar í kælinum.

Til að virkja aðgerðina skaltu ýta á Extra Cool hnappinn.

Extra Cool vísirinn lýsir. Þegar kveikt er á Extra Cool aðgerðinni gæti viftan farið sjálfkrafa í gang.

Þessi aðgerð stöðvast sjálfkrafa eftir u.þ.b. 6 klst. Þegar slökkt er á aðgerðinni mun slokkna á Extra Cool vísinum.

Ýttu á Extra Cool hnappinn til að afvirkja Extra Cool aðgerðina áður en hún stöðvast sjálfkrafa.

ⓘ Til að stilla á annað hitastig í kælinum skal slökkva á Extra Cool aðgerðinni.

3.8 Extra Freeze aðgerð

Extra Freeze aðgerðin er notuð til að forfrysta og hraðfrysta í röð í frystihólfinu. Þessi aðgerð flýtir frystingu ferskra matvæla og ver matvæli sem þegar eru í geymslu frá því að hitna.

ⓘ Til að frysta fersk matvæli skal virkja Extra Freeze aðgerðina minnst 24 klst áður en maturinn sem á að forfrysta er settur í frystihólfið.

Til að virkja þessa aðgerð ýtið á Extra Freeze hnappinn.

Extra Freeze vísirinn lýsir. Extra Freeze aðgerðin afvirkjast sjálfkrafa eftir að hámarki 52 klst.

Ýtið á Extra Freeze hnappinn til að afvirkja aðgerðina áður en hún stöðvast sjálfkrafa.

3.9 Aðvörun um háan hita

Þegar hitastigið hækkar í frystihólfinu (til dæmis vegna þess að rafmagn hafði áður farið af) mun viðvörunarvísirinn blikka, hitastigsvísir frystisins sýnir H° og hljóðið fer á.

Til að afvirkja viðvörunina skaltu ýta á einhvern hnapp.

Viðvörunarvísirinn og hljóðið slokkna. Vísirinn fyrir hitastig frystis sýnir H° í 5 sek áður en hann sýnir hitastigið í frystinum á ný.

ⓘ Viðvörunin endurstillist 1 klst eftir eina klukkustund eftir afvirkjun þangað til eðlilegar aðstæður hafa náðst.
Ef þú ýtir ekki á neinn hnapp slekkur hljóðið á sér eftir 1 klst.

3.10 Aðvörun fyrir opna hurð

Viðvörunarvísirinn með hljóðinu fyrir kælihurðina kviknar ef hurðin er skilin eftir opin í 5 mín eða ef frystihurðina er skilin eftir opin í 80 sek.

Aðvörunin stöðvast eftir að hurðinni er lokað. Ýttu á hvaða hnapp sem er til að slökkva á hljóðinu.

ⓘEf þú ýtir ekki á neinn hnapp slekkur hljóðið á sér eftir 1 klukkustund.

3.11 Stillingarhamur

Stillingarhamurinn gerir þér kleift að virkja eða afvirkja hljóðin, Sabbath haminn, sýningarhaminn, til að endurstilla verksmiðjustillingar

heimilistækisins og breyta einingum fyrir hitastig úr °C í °F.:

Stillingarhamur virkjaður

1. Ýtið og haldið Extra Cool hnappinum inni í u.þ.b. 3 sek. Skjárinn sýnir blikkandi SE tt.
2. Þegar kveikt hefur verið á stillingarhamnum, sýnir skjárinn tS on.
3. Til að afvirkja stillingarhaminn, ýttu á Extra Cool hnappinn og haltu honum inni í um það bil 3 sek sekúndur.

Stillingarhamurinn afvirkjast ef þú ef þú snertir ekki stjórnborðið í 60 sek.

Leiðsögn um stillingarhaminn

Ýttu létt á Extra Cool til að breyta gildinu. Ýttu á hitastigshnappinn fyrir kæliskápinn til að breyta gildinu.

Skjár	Sjálfgefnar stikur
tS on	Hnappahljóð
CF °C	Hitastigseiningar
Sb OF	Sabbath hamur
dE OF	Demo hamur
FS 03	Verksmiðjustillingar

Hnappahljóð

Til að virkja eða afvirkja hljóðið:

1. Til að virkja stillingarhaminn.
2. Flettu í gegnum stillingarhaminn þangað til skjárinn sýnir tS. Ýttu á hitastigshnappinn í ísskápnum til kveikja eða slökkva á hljóðum. ´Vísirinn mun færast á On fyrir virkt eða OF óvirkt
3. Farið úr stillingahamnum.

Hitastigseiningar

Til að breyta hitastigseiningunni:

1. Til að virkja stillingarhaminn.
2. Flettu í gegnum stillingarhaminn þangað til skjárinn sýnir CF og °C. Ýttu á hitastigshnappinn fyrir kæliskápinn til að velja á milli °C fyrir selsíus og °F fyrir Fahrenheit.
3. Farið úr stillingahamnum.

Sabbath hamur

Sabbath hamurinn slekkur á eftirfarandi notendavalmöguleikum á trúarlegum helgidögum:

- allir hnappar fyrir utan þá hnappasamsetningu sem nauðsynleg er til að slökkva á hamnum
- hljóð, nema fyrir Aðvörun um háan hita
- viðvörunarvísar, nema fyrir Aðvörun um háan hita.

Til að kveikja á Sabbath-hamnum:

1. Til að virkja stillingarhaminn.
2. Flettu í gegnum stillingarhaminn þangað til skjárinn sýnir Sb. Ýttu á hitastigshnappinn í ísskápnum til að ræsa eða slökkva á Sabbath hamnum. Vísirinn mun færast á On fyrir virkt eða OF óvirkt Sabbath hljóð.
3. Farið úr stillingarhamnum.

Eftir að Sabbath hamurinn hefur verið virkjaður birtist Sb og On á skjánum. Aðgangur að öðrum stillingum er lokaður.

Demo hamur

Demo hamurinn hermir eftir notkun heimilistækisins án þess að kæla. Hann er eingöngu hannaður fyrir sýningarsali eða sýningar.

ⓘ Þú getur ekki geymt matvæli þegar sýningarhamurinn er í gangi.

Til að kveikja á Demo-hamnum:

1. Til að virkja stillingarhaminn.
2. Flettu í gegnum stillingarhaminn þangað til skjárinn sýnir dE. Ýtið á hitastigshnappinn á ísskápnum til að virkja eða slökkva á hamnum. Vísirinn mun breytast í On fyrir virkan eða OF fyrir afvirkan Demo ham.
3. Farið úr stillingarhamnum.

Verksmiðjustillingar

Þessi aðgerð endurstillir sérhverja stillingu í sjálfgefnar verksmiðjustillingar. Til að stilla aftur á sjálfgefnar verksmiðjustillingar:

1. Til að virkja stillingarhaminn.
2. Flettu í gegnum stillingarhaminn þangað til skjárinn sýnir FS. Ýtið á hitastigshnappinn á ísskápnum til að endurstilla stillingar í verksmiðjustillingar. Skjárinn sýnir on og breytist í 03.
3. Farið úr stillingarhamnum.

4. DAGLEG NOTKUN

4.1 Hurðarhillurnar staðsettar

Hurðarennurnar gera kleift að endurraða hillunum.

Til að endurstaðsetja hillur/hólf:

1. Færðu hilluna/hólfið í þá átt sem örvarnar eru.
2. Staðsettu hilluna/hólfið í þá stöðu sem þú vilt og komdu henni/því varlega fyrir í rennunni.



4.2 Færanlegar hillur

Veggir kæliskápsins eru búnir rennum. Þú getur breytt staðsetningunni á hillunum.

Þetta heimilistæki er búið aðlaganlegri hillu. Hægt er að setja framhluta hillunnar undir afturhlutann:

1. Taktu framhlutann varlega út.
2. Rennið honum inni í neðri grindina og undir afturhlutann.



ⓘ Færið ekki glerhilluna fyrir ofan grænmetisskúffuna, til að tryggja rétt loftstreymi.

4.3 GreenZone skúffa

GreenZone útdraganlega skúffan er merkt með og staðsett neðst í kælihólfinu.

Hún er með þéttingu sem veitir besta raka inni í skúffunni.

4.4 GreenZone skúffan fjarlægð

1. Tæmdu skúffuna.
2. Dragðu skúffuna út úr kæliskápnum.



3. Lyftu framhluta skúffunnar.
4. Dragðu út skúffuna um leið og þú lyftir henni upp.



4.5 Að fjarlægja glerlokið af skúffunum

1. Losaðu um báðar hliðarfestingarnar í einu.



2. Dragðu glerhillustoðirnar í átt að þér.

4.6 Rakastýring

Glerhillan í GreenZone skúffunni inniheldur búnað sem veitir kjörrakastig inni í skúffunni.

ⓘEkki setja neinar matvörur á rakastýring-arbúnaðinn.



Til að fjarlægja rakastýringarbúnaðinn:

1. Opnaðu skúffuna fyrir neðan glerhilluna og dragðu út lokið.



2. Til að endurnýja hvítu himnu búnaðarins skaltu taka í miðjan búnaðinn og aðskilja himnuna frá lokinu með því að toga í lokið.



3. Settu nýja himnu á lokið með því að þrýsta brúnum himnunnar á lokið.



4. Settu rakastýringuna aftur í skúffuna.



ⓘ Rakaþétting getur myndast í GreenZone skúffunni. Þurrkaðu hana af með mjúkum klút.

4.7 ExtraChill fjarlægt

Það er skúffa fyrir ofan GreenZone skúffuna.

Fjarlægðu skúffuna:

1. Dragðu skúffuna út úr kæliskápnum.



2. Lyftu upp framhluta skúffunnar.



3. Lyftu og snúðu skúffunni til að draga hana út úr heimilistækinu.



4.8 MULTIFLOW

Kælihólfið er búið MULTIFLOW viftunni sem gerir hraða og skilvirka kælingu matvæla mögulega og viðheldur jafnara hitastigi í sérhverjum hluta hólfsins.

Viftan virkjast sjálfkrafa og virkar aðeins þegar hurðin er lokuð.



ⓘ Lokaðu ekki fyrir loftunargöt.



ⓘ Ekki fjarlægja MULTIFLOW spjaldið. Fyrir upplýsingar um hreinsun, sjá kaflann „Umhirða og hreinsun“.

4.9 Flöskugrind

Settu flöskurnar (með stútinn vísandi fram) í forstillta hilluna.

ⓘ Settu aðeins lokaðar flöskur í hilluna.



4.10 Frysta fersk matvæli

Notaðu frystihólfið til þess að frysta fersk matvæli og geyma frosin og djúpfryst matvæli til lengri tíma.

Virkja skal Extra Freeze aðgerðina minnst 24 klst áður en maturinn sem á að frysta er settur í frystihólfið.

Dreifið fersku matvælunum jafnt yfir fyrsta hólfið eða skúffuna talið ofan frá.

Farðu ekki yfir hámarksmagn matvæla sem hægt er að frysta án þess að bæta öðrum ferskum mat í 24 klst (sjá merkiplötu).

Að frystiferlinu loknu, fer heimilistækið sjálfkrafa aftur í fyrri hitastillingu (sjá „Extra Freeze aðgerðina“).

Til að fá frekari upplýsingar, sjá „Ábendingar um frystingu“.

4.11 Geymsla á frosnum matvælum

Þegar heimilistækið er virkjað í fyrsta sinn eða eftir notkunarhlé skal virkja Extra Freeze aðgerðina í að minnsta kosti 3 klst áður en vörurnar eru settar í frystihólfið.

Til að geyma mikið magn af matvælum skaltu fjarlægja skúffurnar og setja matinn beint á hillurnar, að minnsta kosti í 15 mm fjarlægð frá hurðinni.

⚠ **VARÚÐ!**

Ef rafmagnið hefur verið slökkt lengur en gildið sem sýnt er á merkiplötu undir „hækkunartími“ verður að nota affrysta matarins tafarlaust. Sjá „Aðvörun um háan hita“.

5. ÁBENDINGAR OG GÓÐ RÁÐ

5.1 Góð ráð og ábendingar

- Frystir: Upprunalega uppsetningin tryggir hagkvæmustu orkunotkunina.
- Kælir: Hagkvæmasta orkunotkunin er tryggð í þeirri uppsetningu að skúffunum í neðri hluta heimilistækisins og hillunum sé dreift jafnt. Staðsetning kassa í hurð hefur ekki áhrif á orkunotkun.
- Ekki opna hurðina oft eða hafa hana opna lengur en nauðsyn krefur.
- Frystir: Því kaldari sem stillingin er, því meiri orku notar hún.
- Kælir: Ekki stilla á of háan hita nema eiginleikar matarins krefjist þess.
- Ef umhverfishitastigið er hátt, hitastýringin stillt á lágan hita og heimilistækið fullhlaðið, getur verið að þjappan sé stöðugt í gangi, en það getur valdið því að hrím eða ís hlaðist utan á eiminn. Í þessu tilfelli skaltu stilla hitastýringuna í átt að hærra hitastigi til að leyfa sjálfvirka affrystingu.
- Ekki hylja loftræstiristarnar eða götin.
- Gakktu úr skugga um að matvaran inni í heimilistækinu leyfi lofti að flæða út um göt aftan á innanverðu heimilistækinu.

5.2 Ábendingar um frystingu

- Ekki frysta flöskur eða dósir með vökva í, sérstaklega kolsýrða drykki. Þær gætu sprungið þegar þær eru frystar.
- Ekki láta heitan mat í frystihólfið.
- Ekki setja ferskan, ófrosinn mat beint við hliðina á matvælum sem þegar eru frosin.
- Ekki borða ísmola, vatnsís eða íspinna strax eftir að þeir hafa verið teknir úr frysti til að forðast að verða fyrir kala.
- Ekki endurfrysta þiðin matvæli.

5.3 Ábendingar um geymslu á frosnum mat

- Frystihólfið er merkt með ****.
- Góð hitastilling sem varðveitir frosna matvöru er -18°C eða lægri.
- Sé hærri hiti stilltur fyrir heimilistækið getur það leitt til styttri endingartíma fyrir vörurnar.
- Allt frystihólfið hentar fyrir geymslu á frosnum vörum.
- Skildu eftir nægilegt pláss í kringum matvælin til að loft nái að flæða vel um þau.

5.4 Endingartími fyrir frystihólf

Tegund matvæla	Endingar-tími (mán-uðir)
Brauð	3
Ávextir (fyrir utan sítrusávexti)	6 - 12
Grænmeti	8 - 10
Afgangar án kjöts	1 - 2
Mjólkurvörur:	
Smjör	6 - 9
Mjúkur ostur (t.d. mozzarella)	3 - 4
Harður ostur (t.d. parmesan, cheddar)	6
Sjávarfang:	
Feitur fiskur (t.d. lax, makríll)	2 - 3
Magur fiskur (t.d. þorskur, flundra)	4 - 6
Rækjur	12
Skelfiskur og kræklingur án skelja	3 - 4
Eldaður fiskur	1 - 2
Kjöt:	
Alifuglakjöt	9 - 12
Nautakjöt	6 - 12
Svínakjöt	4 - 6
Lambakjöt	6 - 9
Pylsur	1 - 2
Skinka	1 - 2
Afgangar með kjöti	2 - 3

5.5 Ábendingar um góða kælingu

ⓘ Hólf fyrir fersk matvæli er rýmið fyrir ofan GreenZone skúffuna.

- Góð hitastilling sem varðveitir ferska matvöru er +4°C eða lægri.
- Notaðu alltaf lokuð ílát fyrir vökva og fyrir mat, til að forðast að lykt eða bragð safnist í hólfið.
- Til að forðast víxlmengun á milli eldaðrar og óeldaðrar matvöru, skal þekja eldaða matvöru og halda henni aðskildri frá hrárri matvöru.

- Pakkaðu kjöti inn í hentugar umbúðir og settu það á glerhilluna fyrir ofan grænmetisskúffuna.
- Affrystu matinn sem er inni í kælinum.
- Ekki stinga heitri matvöru inn í heimilistækið.
- Hreinsaðu ávexti og grænmeti og settu í þar til gerða skúffu (grænmetisskúffu).
- Ekki geyma framandi ávexti í kælinum.
- Ekki geyma grænmeti, eins og tómata, kartöflur, lauk og hvítlauk, í kælinum.
- Lokaðu flöskunum áður en þú setur þær inn í kælinn.

6. UMHIRÐA OG HREINSUN

⚠ AÐVÖRUN!
Sjá kafla um öryggismál.

6.1 Innra byrði hreinsað

Fyrir fyrstu notkun skal hreinsa innanvert rýmið og alla fylgihluti með volgu vatni og hlutlausri sápu og þurrka síðan.

⚠ VARÚÐ!
Aukahlutir og hlutar heimilistækisins eru ekki ætlaðir fyrir uppþvottavélar.

⚠ VARÚÐ!
Hreinsaðu stjórnborðið með rökum klút. Ekki nota neitt þvottaefni. Þurrkaðu stjórnborðið með mjúkum klút.

6.2 Reglubundin hreinsun

Hreinsaðu búnaðinn reglulega:

- Hreinsaðu innra byrðið og aukahlutina með volgu vatni og hlutlausri sápu. Skolaðu og þurrkaðu vel.
- Þurrkaðu hurðarþéttingarnar reglulega.

6.3 Ísskápurinn affrystur

Þíðing kælihólfsins er sjálfvirk. Vatnið sem þéttist rennur inn í móttakara á þjöppunni og gufar upp. Ekki er hægt að fjarlægja móttakarann.

6.4 Affrysting frystisins

Frystihólfið er hrímlaust. Það er ekkert hrími á innanverðum veggjum rýmisins né á matvörunni þegar heimilistækið er í gangi.

6.5 CustomFlex-rennurnar fjarlægðar

1. Fjarlægðu öll ílát, box og smellur úr hurðinni.



2. Fjarlægðu efri rennur með því að taka um þær fyrir miðju og lyfta upp.



3. Renndu hinum rennunum upp á við til að fjarlægja þær (þær eru einn hlutur saman).

Settu allan búnað hurðarinnar aftur í með öfugri röð.

6.6 Tímabundið ekki í notkun

Þegar heimilistækið er ekki í notkun til lengri tíma, skal grípa til eftirfarandi ráðstafana:

1. Aftengja tækið frá rafmagni.
2. Fjarlægja allan mat.
3. Hreinsa heimilistækið og alla aukahluti þess.
4. Hafa skal hurðirnar opnar til að koma í veg fyrir vonda lykt.

7. BILANALEIT

⚠ **AÐVÖRUN!**
Sjá kafla um öryggismál.

7.1 Hvað skal gera ef…

Vandamál	Möguleg ástæða	Lausn
Heimilistækið virkar ekki.	Slökkt er á heimilistækinu.	Kveiktu á heimilistækinu.
	Rafmagnsklóin er ekki rétt tengd við rafmagnsinnstunguna.	Tengdu klóna við rafmagnsinnstunguna með réttum hætti.
	Það er ekkert rafmagn á rafmagnsinnstungunni.	Tengdu annað raftæki við rafmagnsinnstunguna. Hafðu samband við faglærðan rafvirkja.
Heimilistækið gefur frá sér mikinn hávaða.	Heimilistækið er ekki með réttan stuðning.	Kannaðu hvort heimilistækið sé stöðugt.
Heyranleg eða sjónræn aðvörun er í gangi.	Nýlega hefur verið kveikt á skápnum.	Sjá „Aðvörun um háan hita“ eða „Aðvörun fyrir opna hurð“.
	Hitastig heimilistækisins er of hátt.	Sjá „Aðvörun um háan hita“ eða „Aðvörun fyrir opna hurð“.
	Hurðin hefur verið skilin eftir opin.	Lokaðu hurðinni.
Þjappan gengur samfellt.	Hitastig er rangt stillt.	Sjá „Stjórnborð“ kaflann.
	Of mikið magn af matvöru er sett inn í einu.	Bíddu í nokkrar klukkustundir og athugaðu svo hitastigið aftur.
	Stofuhitinn er of hár.	Sjá „Uppsetning“ kaflann.
	Matvara sem látin er í heimilistækið er of heit.	Leyfðu matvörunni að kólna að stofuhita áður en hún er sett inn til geymslu.
	Hurðin er ekki nægilega vel lokuð.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Kveikt er á Extra Freeze aðgerðinni.	Sjá kaflann „Extra Freeze Aðgerð“ .
	Kveikt er á Extra Cool aðgerðinni.	Sjá kaflann „Extra Cool Aðgerð“ .
Þjappan fer ekki strax í gang eftir að ýtt er á „Extra Freeze“ eða „Extra Cool“, eða eftir að hitastigi er breytt.	Þjappan ræsist eftir nokkurn tíma.	Þetta er eðlilegt, engin villa hefur komið upp.
Hurðin er skökk eða rekst í loftræstiristina.	Tækið er ekki lárétt.	Sjá leiðbeiningar um uppsetningu.
Hurð opnast ekki auðveldlega.	Þú reyndir að opna hurðina aftur strax eftir að þú lokaðir henni.	Bíddu í nokkrar sekúndur á milli þess að loka og opna hurðina aftur.
Ljósið virkar ekki.	Ljósið er í reiðuham.	Lokaðu og opnaðu hurðina.
	Ljósið er bilað.	Hafðu samband við viðurkenndu þjónustumiðstöðina.
Það er of mikið hrím og klaki.	Hurðin er ekki nægilega vel lokuð.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Þéttiborðinn er afmyndaður eða óhreinn.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.

Vandamál	Möguleg ástæða	Lausn
	Matvælum er ekki rétt pakkað inn.	Pakkaðu matvælum rétt inn.
	Hitastig er rangt stillt.	Sjá „Stjórnborð“ kaflann.
	Heimilistækið er fullhlaðið og er stillt á lægsta hitastig.	Stilltu hærra hitastig. Sjá „Stjórnborð“ kaflann.
	Hitastigið sem stillt er á heimilistækinu er of lágt og umhverfishitastig er of hátt.	Stilltu hærra hitastig. Sjá „Stjórnborð“ kaflann.
Vatnið flæðir á afturplötu kæliskápsins.	Á meðan á sjálfvirka affrystingarferlinu stendur, bræðir það frostið á afturplötunni.	Þetta er í lagi.
Of mikið vatn þéttist innan í kælinum.	Hurðin var opnuð of oft.	Opnaðu hurðina aðeins þegar nauðsynlegt er.
	Hurðinni var ekki lokað til fulls.	Gakktu úr skugga um að hurðinni sé lokað til fulls.
	Geymdum mat var ekki pakkað.	Pakkaðu mat í hentugar pakkningar áður en þú setur hann í heimilistækið.
	Það er eðlilegt að yfir sumarið og haustið geti myndast meiri þétting vegna aukins lofts og raka í matvælum. Kælirinn framleiðir engan raka. Eftir þetta tímabil minnkar rakastigið í kælinum af sjálfu sér.	Á sumrin og haustin skaltu stilla hitastigið í kælinum hærra (u.þ.b. 6-7°C).
Það eru vatnsdropar á glerhillunum.	Það er of mikill raki inni í kælinum.	Þurrkaðu vatnsdropana af glerhillunum með mjúkum klút.
Vatn flæðir á gólfinu.	Vatnsbræðsluúttakið er ekki tengt við uppgufunarbakkann fyrir ofan þjöppuna.	Tengdu vatnsbræðsluúttakið við uppgufunarbakkann.
Ekki er hægt að stilla hitastigið.	Kveikt er á Extra Freeze aðgerð eða Extra Cool aðgerð.	Slökktu handvirkt á Extra Freeze aðgerð eða Extra Cool aðgerð, eða bíddu þar til hún afvirkjast sjálfkrafa. Sjá kaflana „Extra Freeze Aðgerð“ eða „Extra Cool Aðgerð“.
Hitastig heimilistækisins er of lágt/hátt.	Hitastigið er ekki rétt stillt.	Stilltu hitastigið hærra/lægra.
	Hurðin er ekki nægilega vel lokuð.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Matvælin eru of heit.	Láttu matvöruna kólna fyrir geymslu.
	Of mikið af matvöru er geymd í einu.	Geymdu minna af matvöru í einu.
	Hurðin hefur verið opnuð of oft.	Opnaðu hurðina aðeins ef nauðsyn krefur.
	Kveikt er á Extra Freeze aðgerðinni.	Sjá kaflann „Extra Freeze Aðgerð“ .
	Kveikt er á Extra Cool aðgerðinni.	Sjá kaflann „Extra Cool Aðgerð“ .
	Það er ekkert kalt loftflæði í heimilistækinu.	Gakktu úr skugga um að það sé kalt loftflæði í heimilistækinu. Sjá kaflann „Ábendingar og góð ráð“.
dE on birtist á skjánum.	Heimilistækið er í sýnikennsluhamnum.	Sjá „Demo hamur“ í kaflanum „Stillingarhamur“.

Vandamál	Möguleg ástæða	Lausn
Táknið Er CE birtist og viðvörunarvísirinn er kveiktur.	Samskiptavandi.	Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð. Kælikerfið mun halda áfram að halda matvöru kaldri, en aðlögun hitastigs verður ekki möguleg.
Táknið Er t1 eða Er t3 eða Er t5 og núverandi stilling birtist til skiptis í 5 sek og viðvörunarvísirinn er kveiktur.	Vandamál með hitaskynjara.	Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð. Kælikerfið mun halda áfram að halda matvöru kaldri, en aðlögun hitastigs verður ekki möguleg.

ⓘ Ef vandamálið hverfur ekki skaltu hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

7.2 Skipt um ljósið

Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að fá nýja peru.

7.3 Hurðinni lokað

1. Þrífið þéttiborða hurðarinnar.
2. Skoðaðu uppsetningarleiðbeiningar til að stilla hurðina.
3. Til að skipta um gallaðar hurðarþéttingar skaltu hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

8. TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Tæknilegar upplýsingar eru á orkumerkingu og á merkiplötu tækisins, sem getur verið staðsett á tækinu eða inni í því.

QR-kóðinn á orkumerkingunni sem fylgir þessu tæki, gefur upp tengil á vefsíðu varðandi upplýsingar um frammistöðu tækisins í gagnagrunni EU EPREL. Geymdu orkumerkimiðann til uppflettingar ásamt notandahandbókinni og öllum öðrum skjölum sem fylgja með þessu heimilistæki. Það er einnig mögulegt að nálgast sömu upplýsingar í EPREL með því að nota tengilinn: *https://eprel.ec.europa.eu* og gerðarheiti og framleiðslunúmer sem finna má á merkiplötu heimilistækisins. Sjá tengilinn: *www.theenergylabel.eu* varðandi ítarlegar upplýsingar um orkumerkingar.

9. UPPLÝSINGAR FYRIR PRÓFUNARSTOFNANIR

Uppsetning og undirbúningur heimilistækisins fyrir vistvæna vottun verður að samræmast EN 62552 (ESB, Sviss og Bretland). Skoðaðu kaflann Uppsetning um loftræstingarkröfur, innfellingarmál, og lágmarksbil að aftan. Hafðu samband við viðurkennda þjónustuaðila til að fá frekari upplýsingar.

10. UMHVERFISSJÓNARMIÐ

Settu efni með tákninu ♺. Settu umbúðirnar í viðeigandi ílát til endurvinnslu. Verndið umhverfið og heilbrigði manna með því að endurvinna raf- og rafeindabúnaðarúrgang heimilistækja. Fargaðu ekki heimilistækjum sem merkt eru með tákninu ⍁ með heimilisúrgangi. Skilið vörunni á staðbundna endurvinnslustöð eða hafið samband við staðaryfirvöld.



CE

222387634-B-312026